



## Fundargerð

384. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl.13:00 miðvikudaginn 13. maí. 6. fundur ársins 2015.

Fundargerð er tölvuskráð af Ólafíu Jakobsdóttur og er 5 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðaði forföll, í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1.varamaður Z-lista.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

1. Málefni til umfjöllunar og afgreiðslu:

11. Styrkbeiðni vegna bókaútgáfu: „Veiðivötn á Landmannaafreйти“

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og Oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi.

*Oddviti var boðið að taka þátt í vinnufundi hjá Vatnajökulshjóðgarði þann 5.maí sl. þar sem tilgangurinn var að rýna í ímynd og séreinkenni svæða innan hjóðgarðs með tilliti til markaðssetningar.*

*Eirný verkefnastjóri er búin að vera að ramma inn þau verkefni sem hún kemur til með að halda utanum hjá Skaftárhreppi og er þegar búin að hitta fulltrúa starfshóps*

*Innanríkisráðuneytis í fjarskiptamálum, Harald Benediktsson og Pál Jóhann Pálsson, vegna ljósleiðaraverkefnisins, Sigurð Inga landbúnaðarráðherra vegna landbúnaðarmála um framgang verkefnisins. Til stendur að halda borgarafund 26. maí nk. til að kynna framhald verkefnisins, með verkefnastjórn verkefnisins „Skaftárhreppur til framtíðar“. Á þeim fundi verður ársreikningur Skaftárhrepps einnig kynntur og boðið uppá fyrirspurnir og opnar umræður. Viljum við hvetja íbúa Skaftárhrepps til að mæta og snúa bökum saman.*

*Tímasetning fundar rædd og ákveðið að skoða hana betur.*

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Seinni umræða um Ársreikning Skaftárhrepps 2014.

*Ársreikningur var til fyrri umræðu 30.apríl 2015, undirritaður af sveitarstjóra.*

*í A-hluta rekstrarreiknings kemur fram að heildartekjur voru 377.204 þkr.*

*þar af 219.420 þkr. skatttekjur, 96.437 þkr úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur 61.347 þkr.*

*Rekstrargjöld voru 344.223 þkr með afskriftum. Afskriftir í A hluta voru 12.431 þkr.*



## Skaftárhreppur

---

Heildartekjur samstæðu voru 397.373 þkr. rekstrargjöld 341.355 þkr. þar af 15.032 þkr í afskriftir. Fjármagnsgjöld voru 9.702 þkr. og rekstrarniðurstaða samstæðu var jákvæð um 46.316 þkr.

Niðurstaða efnahagsreiknings sýnir eignir samstæðu samtals 575.625 þkr, skuldir og skuldbindingar eru samtals 260.943 þkr. Eigið fé samtals 314.682 þkr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 49.892 þkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 20.455 þkr. Afborganir langtímalána námu 32.100 þkr. Engin ný lán voru tekin á árinu.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2014 samhljóða og staðfestir hann með undirritun sinni.

### 2. Slit á ráðningarsamningi Evu Bjarkar í starfi sveitarstjóra.

Eva Björk segir starfi sínu sem sveitarstjóra upp frá og með 15. maí nk. Eva Björk þakkar fyrir þann tíma sem hún hefur sinnt starfi sveitarstjóra í 50% stöðu.

### 3. Staðfesting á ráðningarsamningi við Söndru Brá Jóhannsdóttur í starf sveitarstjóra Skaftárhrepps.

Varðandi bókun Ó-lista frá síðasta sveitarstjórnarfundum 30. apríl 2015 vegna ráðningarsamnings sveitarstjóra þá hefur meirihluti sveitarstjórnar tekið tillit til hennar. Í ráðningarsamning sveitarstjóra verður því settur viðauki í 3. lið þar sem setningin; „sveitarstjóri heldur reglulega fundi með meirihluta sveitarstjórnar þar sem farið er yfir stöðu helstu mála sem eru á döfnni hverju sinni“ fellur niður.

Ó-listinn leggur fram bókun.

Við fulltrúar Ó-lista viljum vekja athygli meirihluta sveitarstjórnar á því að á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 30. apríl. sl. samþykkti, staðfesti og undirritaði meirihluti sveitarstjórnar ráðningarsamning við sveitarstjóra. Á þeim fundi gagnrýndum við orðalag samningsins. þar sem segir að „meirihluti sveitarstjórnar fundi reglulega með sveitarstjóra“. Teljum við nú til bóta að fella út ákvæði í samningnum um reglulega fundi sveitarstjóra með meirihluta sveitarstjórnar og samþykkjum því viðauka þennan við ráðningarsamninginn. Að öðrum leiti stendur afstaða okkar til ráðningarsamningsins frá síðasta fundi.

Viðauki er samþykktur af sveitarstjórn.

### 4. Breyting á menningarmálanefnd Skaftárhrepps.

Z listinn tilnefnir Þuríði Helgu Benediktsdóttur sem formann menningarmálanefndar og Orra Pál Jóhannsson, varamann. Samþykkt af sveitarstjórn.

### 5. Tilnefning fulltrúa Skaftárhrepps í svæðisráð Vatnajökulspjódgarðs.

Sveitarstjórn tilnefnir Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur sem fulltrúa Skaftárhrepps í svæðisráð Vatnajökulspjódgarðs á vestursvæði.

### 6. Tilnefning fjögurra aðila í Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019

Sveitarstjórn tilnefnir eftirtalda aðila í Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019: Bjarki Guðnason, Eirný Valsdóttir, Erla Þórey Ólafsdóttir og Einar Bárðarson.

### 7. Samningur aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins vegna fatlaðs fólks, til staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn.



8. Gjaldskrá félagsmálanefndar vegna heimaþjónustu til staðfestingar.  
*Sveitarstjórn staðfestir gjaldskrána.*
9. Reglur um félagslega heimaþjónustu til staðfestingar.  
*Sveitarstjórn staðfestir reglur um félagslega heimaþjónustu.*
10. Samningur við Útivist varðandi áframhaldandi leigu á fjallaskálum.  
*Ákveðið að innkoma fyrir fjallaskálana fari í sjóð til uppbyggingar ferðamannastaða sem framkvæmdahópur um ferðamannastaði hefur aðgang að.  
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Útivist um áframhaldandi samstarf að höfðu samráði við fjallskilanevnd Skaftártunguafréttar.*
11. Styrkbeiðni vegna bókaútgáfu: „Veiðivötn á Landmannaafretti“  
*Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.*

## II. Fundargerðir til samþykktar.

1. Fundargerð fræðslunefndar 11.05.2015  
*Vegna bóknar fræðslunefndar undir lið 3: „Nefndin minnir sveitarstjórn á bréf frá foreldrum Heilsuleikskólans Kærabæjar dagsett 24. september 2014, efni: endurbætur og viðhald.  
Fræðslunefnd tekur heilshugar undir efni bréfsins og skorar á sveitarstjórn Skaftárhrepps að fylgja eftir nauðsynlegum úrbótum á lóð leikskólans sem og athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.“  
Sveitarstjórn tekur heilshugar undir bókun fræðslunefndar, málið er þegar í vinnslu.  
Sveitarstjórn hvetur leikskólastjóra og formann foreldraráðs til að koma með sameiginlegar tillögur til sveitarstjóra að úrbótum á lóð leikskólans fyrir maílok svo hægt sé að hefja framkvæmdir sem allra fyrst og ljúka þeim fyrir 1.ágúst.*
2. 110. Fundargerð skipulagsnefndar 12.05.2015  
Skipulagsmál:
  1. **Aðalskipulags Skaftárhrepps – Beiðni**  
*Benedikt Lárusson óskar eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps í samræmi við framlagt erindi sem barst Oddvita Skaftárhrepps. Í beiðninni felst að svæði skilgreint sem þjónustusvæði og ætlað fyrir stækkun hjúkrunarheimilis verði skilgreint sem svæði fyrir tjaldsvæði.  
Nefndin fellst á að innan tillögu aðalskipulagsbreytingar verði gert ráð fyrir að skilgreind lóð tjaldsvæðis verði flokkuð sem Ú-4 opið svæði til sérstakra nota.  
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*
  2. **Tillaga að aðalskipulagsbreytingu á Kirkjubæjarklaustri.**  
Lagt fyrir nefndina tillaga að aðalskipulagsbreytingu á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022. Viðfangsefni breytinganna eru:
    - Svæði V-3, S-6,S-7 og hluti ÍB-4 er breytt í miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustustofnunum og möguleika á íbúðum.
    - Afmörkun ÍB-4 verður breytt og hluta þess breytt í landbúnaðarsvæði eins og það var skilgreint á eldra skipulagi.



## Skaftárhreppur

---

- Reitur fyrir þjónustustofnun (S-11) er færður til og stækkaður þar sem gert er ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri.
- Reitur Ú-2 opið svæði er til sérstakra nota breytist til samræmis við S-11.
- Svæði V-4 verslunar- og þjónustusvæði verður fellt niður.
- Nýtt efnistökusvæði E2.
- Iðnaðarsvæði I-2 sem áður var sorporkustöð verður fellt niður þ.s. búið er að loka stöðinni.
- Reitur fyrir þjónustustofnun S-9 verður breytt í iðnaðarsvæði fyrir gámavöll.
- Nýtt svæði Ú-11 fyrir íþróttavöll í tengslum við núverandi íþróttahús og sundlaug.
- Svæði Ú-4 stækkun á tjaldsvæði.
- Svæði S-5 afmörkun minnkar.

**Tillagan er samþykkt til auglýsingar samkv. 31. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Hún verði send til umsagnar viðeigandi umsagnaraðila. Nefndin leggur til að bætt verði við umfjöllun um fráveitumál innan aðalskipulagsbreytingarinnar. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.**

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

### 3. Tjaldsvæði Kirkjubæ – Deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir tjaldsvæðið Kirkjubæ II.

**Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að tillagan verði auglýst samkv. 41.gr. skipulagslaga nr 123/2010. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.**

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

### 4. Lóðarstofnun – Skaftárvellir

Skaftárhreppur sækir um leyfi fyrir stofnun raðhúsalóða við Skaftárvelli 24 og 26 samkvæmt samþykktu deiliskipulagi svæðisins.

**Nefndin gerir ekki athugasemdir við stofnun þessara lóða. Leitað verði samþykkis landeiganda. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.**

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

### 5. Aðkeyrsla um Klausturveg 13-Beiðni

Systrakaffi ehf óskar eftir leyfi til að breyta akstursleið um bílastæði Klausturvegi 13 samkv. meðfylgjandi uppdrátti. Viðkomandi breytingar eru innan lóðar Klausturvegar 13.

**Nefndin gerir ekki athugasemd við að akstursleið verði breytt í samræmi við framlagðan uppdrátt. Lagt verði fram samþykki annarra eigenda Klausturvegar 13 og 10 fyrir framkvæmdum.**

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

*Fundargerðin í heild sinni er samþykkt.*

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. Vorfundur um málefni fatlaðra 30. apríl 2015. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum. 16.04.2015. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 30. apríl 2015. *Fundargerð kynnt*
4. Fundargerð félagsmálanefndar 20.04.2015. *Fundargerð kynnt.*



5. Aðalfundargerð Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu 22. apríl.  
*Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu-Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu 22.apríl.  
*Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð 11.fundar stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks 8. apríl 2015.  
*Fundargerð kynnt..*

#### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Opinn kynningar og hugarflugsfundur fundarg. dags.27.apríl 2015. *Kynnt.*
2. Umsögn um landsskipulagsstefnu. 7. maí 2015. *Kynnt.*
3. Samningur við Árborg 2015 varðandi málefni fatlaðra. *Kynnt.*
4. Ársreikningur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu 2014. *Kynnt.*

#### **V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit**

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 16:45

Næsti fundur boðaður með dagskrá fimmtudaginn 11. júní 2015 kl. 13:00.

---

Eva Björk Harðardóttir.

---

Guðmundur Ingi Ingason.

---

Jóna Björk Jónsdóttir

---

Jóhannes Gissurarson.

---

Bjarki V. Guðnason.